

UMBODSMADUR ALÞINGIS

Þórshamri, Templarasundi 5, 101 Reykjavík
Sími: 510 6700 • Grænt nr: 800 6450 • Mynds: 510 6701
Heimasíða: www.umbodsmadur.is

Mál nr. F95/2020

Reykjavík, 6. júlí 2020

Þjóðskrá Íslands
Borgartúni 21
105 Reykjavík

I

Í frétttaflutningi í kjölfar eldsvoða að Bræðraborgarstíg 1 í Reykjavík 25. júní sl. kom fram að 73 einstaklingar hafi verið með skráð lögheimili í húsinu, sjá t.d. frétt í Fréttablaðinu föstudaginn 26. júní sl. Í fréttinni segir enn fremur að ekki hafi legið fyrir hversu margir voru raunverulega til heimilis í húsinu. Samkvæmt upplýsingum í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands er stærð hússins rúmir 450 fermetrar í heild. Í annarri frétt sama dag kemur fram að 134 einstaklingar séu skráðir með lögheimili í húsinu við hliðina á því sem varð eldi að bráð. Samkvæmt fasteignaskrá er sú fasteign tæpir 200 fermetrar að stærð. Síðan hafa birst fréttir sem hafa sambærilega sögu að segja um lögheimilisskráningu tuga einstaklinga í hefðbundnu íbúðarhúsnæði.

Í svari forstjóra Þjóðskrár Íslands við fyrirspurn fréttamiðilsins Mannlífs um hvort einhver lagaleg takmörk séu fyrir því hversu margir mega vera skráðir með lögheimili á eina fasteign, eftir t.d. fermetrafjölda, kemur fram að svo sé ekki. Þá kemur einnig fram að Þjóðskrá Íslands hafi að undanfögnu tekið upp mál að eigin frumkvæði þegar fjöldi íbúa er talinn gefa til kynna að um ranga lögheimilisskráningu geti verið að ræða. Unnið sé kerfisbundið að því að hafa samband við eigendur til að kanna raunverulegan íbúafjölda í slíkum tilvikum, sjá www.mannlif.is/frettir/innlent/ibuar-hussins-af-sjo-thjodernum/.

II

Um skráningu lögheimilis gilda lög nr. 80/2018, um lögheimili og aðsetur. Í 1. gr. þeirra segir að markmið laganna sé að stuðla að réttri skráningu lögheimilis og aðseturs einstaklinga á hverjum tíma. Skráning lögheimilis fer fram hjá Þjóðskrá Íslands, sbr. 12. gr. Samkvæmt 1. mgr. 2. gr. laganna er lögheimili sá staður þar sem einstaklingur hefur fasta búsetu. Með fastri búsetu er átt við þann stað þar sem einstaklingur hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tólmstundum sínum, hefur heimilismuni sína og er svefnstaður hans þegar hann er ekki fjarverandi um stundarsakir vegna náms, orlofs, vinnuferða, veikinda eða annarra

hliðstæðra atvika, sbr. 2. mgr. sömu greinar. Lögheimili skal skráð í tiltekinni íbúð eða húsi sem skráð er sem íbúðarhúsnæði í fasteignaskrá Þjóðskrár Íslands, sbr. 3. mgr. 2. gr. Í 4. mgr. 2. gr. er loks tekið fram að með aðsetri sé átt við tímabundna búsetu í húsnæði sem uppfyllir skilyrði lögheimilis samkvæmt 3. mgr. þar sem skráning er heimil samkvæmt ákvæðum laganna. Í þeim frétttaflutningi sem vísað er til í upphafi bréfsins kom fram að langstærstur hluti þeirra sem höfðu skráð lögheimili í húsinu að Bræðraborgarstíg væru erlendir ríkisborgarar en með íslenska kennitölu. Þegar svo háttar til kann einhver hluti þeirra einungis að hafa tímabundna búsetu í húsnæðinu, þ.e. aðsetur í skilningi 4. mgr. 2. gr. laga nr. 80/2018, um lögheimili og aðsetur.

Samkvæmt 1. mgr. 15. gr. laga um lögheimili og aðsetur hefur Þjóðskrá Íslands eftirlit með framkvæmd laganna og hefur stofnunin m.a. heimild til að leita aðstoðar lögreglu og Útlendingastofnunar í þeim tilgangi. Í 2. gr. 15. gr. er Þjóðskrá Íslands veitt heimild til að óska upplýsinga frá stjórnvöldum og fyrirtækjum í einkarekstri í þeim tilgangi að ákvarða rétta skráningu. Stofnunin getur hafnað skráningu tilkynningar um lögheimili sem er augljóslega röng, sbr. 1. gr. 16. gr. Í reglugerð nr. 1277/2018, um lögheimili og aðsetur, sem sett er með stoð í 18. gr. laganna, er m.a. fjallað um framkvæmd eftirlits með skráningu lögheimilis einstaklinga. Samkvæmt 2. gr. 16. gr. hennar getur Þjóðskrá Íslands tekið skráningu lögheimilis einstaklings eða hóps einstaklinga til endurskoðunar að eigin frumkvæði eða samkvæmt ábendingu þriðja aðila.

III

Með vísan til 7. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis, er óskað eftir að Þjóðskrá Íslands veiti svör við eftirfarandi spurningum:

1. Hér að framan er vísað til þeirrar afstöðu forstjóra Þjóðskrár Íslands að ekki séu takmörk á því samkvæmt lögum hversu margir einstaklingar séu skráðir með lögheimili á hvert hús eða íbúð. Óskað er eftir að umboðsmanni verði veittar frekari upplýsingar um á hvaða grundvelli þessi afstaða forstjóra stofnunarinnar byggir. Er þá einkum haft í huga að skilgreining 1. mgr. 2. gr. laga nr. 80/2018 á lögheimili, þ.e. að það sé sá staður þar sem einstaklingur hefur fasta búsetu og að með fastri búsetu sé átt við þann stað þar sem einstaklingur hefur bækistöð sína, dvelst að jafnaði í tómsundum sínum, hefur heimilismuni sína og er svefnstaður hans, hlýtur að setja því einhver takmörk hversu margir einstaklingar geti átt lögheimili í tilteknu íbúðarhúsnæði.
2. Þá er óskað eftir því að umboðsmanni verði veittar upplýsingar um hvernig skráning lögheimilis hjá stofnuninni fer fram, einkum m.t.t. þess á hvaða hátt kannað er hvort tilkynning aðila um

lögheimili í tiltekinni íbúð eða húsi standist kröfur um að viðkomandi hafi þar fasta búsetu.

3. Í ljósi þess að Þjóðskrá Íslands sinnir bæði lögheimilisskráningu á grundvelli laga nr. 80/2018, um lögheimili og aðsetur, og heldur utan um fasteignaskrá samkvæmt lögum nr. 6/2001, um skráningu og mat fasteigna, er óskað eftir upplýsingum um hvernig brugðist er við tilkynningum til Þjóðskrár Íslands um lögheimili í tiltekinni íbúð eða húsi ef skráður fjöldi einstaklinga með lögheimili á staðnum fyrir er slíkur að ólíklegt sé að fleiri geti haft þar fasta búsetu miðað við skráðan fermetrafjölda eignarinnar samkvæmt fasteignaskrá.
4. Í 13. gr. laga nr. 80/2018 er fjallað um tilkynningu um skráningu lögheimilis og aðseturs. Samkvæmt 2. mgr. skal tilkynna um breytt lögheimili og aðsetur eigi síðar en sjö dögum eftir að breytingar á búsetu eiga sér stað. Í 3. mgr. er síðan kveðið á um að sá sem ætlar að dveljast erlendis í sex mánuði eða lengur skuli tilkynna um flutning lögheimilis úr landi til Þjóðskrár Íslands og tilgreina til hvaða lands er flutt, með nokkrum undantekningum vegna aðstæðna sem fjallað er um í 9.-11. gr.

Óskað er upplýsinga um hvort ástæða þess að svo margir séu skráðir með lögheimili í sama húsnæði sé að tilkynningum samkvæmt þessum ákvæðum sé ekki sinnt af hálfu aðila með fullnægjandi hætti, hvort sem þeir flytjast erlendis eða á annan stað innanlands. Sé svo er óskað upplýsinga um hvaða eftirlit og viðbrögð Þjóðskrár Íslands viðhefur í tilvikum sem þessum svo unnt sé að tryggja rétta skráningu lögheimilis og aðseturs. Er þá mikilvægi réttrar skráningar haft í huga, bæði þar sem réttarstaða borgaranna og skyldur gagnvart hinu opinbera ákvarðast að miklu leyti af lögheimilisskráningu og nauðsynlegt er fyrir viðbragðsaðila, eins og t.d. lögreglu og slökkvilið, að hafa við ákveðnar aðstæður raunhæfa mynd og réttar upplýsingar um þá aðila sem búa í tilteknu húsnæði. Sama á við þar sem skráning lögheimilis hefur þýðingu varðandi réttindi eins og á sviði almannatrygginga og sjúkratrygginga.

5. Í þeim fréttáflutningi sem vísað er til framar í bréfinu kemur fram að Þjóðskrá Íslands hafi að undanförmu tekið upp mál að eigin frumkvæði þegar fjöldi íbúa er talinn gefa til kynna að um ranga lögheimilisskráningu geti verið að ræða. Þess er óskað að umboðsmanni verði veittar upplýsingar um þessi mál, s.s. um fjölda þeirra, hvaða viðmið eru lögð til grundvallar þegar ákveðið er að taka mál til athugunar að þessu leyti, hvernig athugun á þeim fer fram, um framvindu þeirra og niðurstöður, liggi þær fyrir. Jafnframt er óskað upplýsinga um hvort slíkar athuganir hafi orðið tilefni til viðbragða af hálfu Þjóðskrár Íslands og þá hverra.

Þess er óskað að umbeðin svör Þjóðskrár Íslands og gögn sem varpa ljósi á þessa þætti í starfi þjóðskrár berist umboðsmanni ekki síðar en 10. ágúst nk. Óskað er eftir þessum upplýsingum svo umboðsmaður geti tekið afstöðu til þess hvort tilefni sé til að hann taki þá framkvæmd sem spurt er um til athugunar að eigin frumkvæði á grundvelli 5. gr. laga nr. 85/1997, um umboðsmann Alþingis. Rétt er að upplýsa að samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytinu hefur verið sent afrit af þessu bréfi til upplýsingar.

Virðingarfyllst,
f.h. umboðsmanns Alþingis

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir

Vilhelmina Ósk Ólafsdóttir
forstöðumaður frumkvæðisathugana